

Nd.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Safnið er eign íslenska ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir Listasafninu árlega a. m. k. $\frac{1}{6}$ af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

Aðalhlutverk Listasafnsins skal vera:

- a. að afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,
- b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem safninu er fengið til listaverkakaupa. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
- c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,
- d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslensku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar aðstæður leyfa,
- e. að afla heimilda um íslenska myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,
- f. að efna til farandsýninga um landið,
- g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenska myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið,
- h. að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.

3. gr.

Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalda á auglýstum tíma.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, safnverði og annað nauðsynlegt starfslið, að fengnum tillögum forstöðumanns, og þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.

5. gr.

Mynda skal safnráð fimm manna þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðuneytið skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenskir myndlistarmenn skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum, tveir listmál- arar og einn myndhöggvari. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa sérstaklega eins marga varamenn og á skortir fulla tölu. Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, sem kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs. Á henni skulu vera þeir myndlistarmenn, sem voru á kjörskrá við kosningu í safn-

ráð 1961 og á lífi eru, svo og þeir, sem voru félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Mynlistarfélaginu 1. janúar 1965, en eigi voru á kjörskrá 1961. Enn fremur skal jafnan bæta á kjörskrána þeim íslenskum myndlistarmönnum, sem tvö af eftirtöldum atriðum eiga við um:

1. að hafa átt verk á opinberri listsýningu, innanlands eða utan, sem íslenska ríkið beitir sér fyrir eða styður,
2. að hafa a. m. k. einu sinni hlotið listamannalaun af fé því, sem Alþingi veitir árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri nefnd, er Alþingi kýs, og
3. að verk hafi verið keypt eftir hann til Listasafns Íslands eftir að lög nr. 53/1961, um Listasafnið, tóku gildi.

Skal skráin liggja frammi í Listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

6. gr.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr.. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur.

Ef ágreiningur ris milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

7. gr.

Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

- a. kaup á listaverkum til safnsins,
- b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,
- c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir.
- d. önnur mál, er forstöðumaður æskir, að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

8. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

9. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundur séu um það sammála.

10. gr.

Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

Gjöf skal fylgja gjafabréf.

11. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó vikja frá þessu ákvæði.

12. gr.

Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenska ríkið stendur að.

13. gr.

Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

14. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess og á sýningum, sem það heldur, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundarréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 53/1961, sbr. lög nr. 58/1965, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bág við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Listasafns, Landsbókasafns, Þjóðskjalasafns og Handritastofnunar hverjum um sig að endurskoða löggjöf stofnana sinna í samstarfi við ráðuneytisstjórnann í menntamálaráðuneytinu. Hafa þau Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Selma Jónsdóttir, forstöðumaður, og Árni Gunnarsson, stjórnarráðsfulltrúi, samið frumvarp þetta, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Um Listasafnið gilda nú lög nr. 53/1961 með breytingu, sem gerð var með lögum nr. 58/1965. Þá eru sérstök lög um byggingarsjóð Listasafnsins, nr. 41/1959.

Breytingar frá gildandi lögum, sem felast í þessu frumvarpi, eru:

Í 4. gr. gildandi laga segir, að skipa skuli safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. Í frumvarpinu er þetta orðað á þann veg, að safnverði og aunað nauðsynlegt starfslið skuli skipa, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. Eins og lögin eru nú, virðist gert ráð fyrir einum safnverði, og mun það ekki fá staðizt, þegar fram líða stundir. Aftur á móti ræður Alþingi jafnan með fjárveitingum, hvort og þá hvenær safnvörður eða safnverðir yrðu ráðnir.

Í 5. gr. er orðalagi ákvæða um kosningu varamanna í safnráð breytt á þann veg, að skýrt komi fram sú meginregla, að þeir skuli ekki kosnir sérstaklega, heldur verði þeir varamenn, sem næstflest atkvæði hljóta við kjör aðalmanna. Við þær tvær safnráðskosningar, sem fram hafa farið, hafa varamenn verið kjörnir sérstaklega, og ræður þá sami hópur aðalmönnum og varamönnum. En ef sú aðferð er við höfð, sem hér er gert ráð fyrir, þá verða þeir varamenn, sem fá mest atkvæðamagn næst hinum kjörnu aðalmönnum. Ýmis rök má færa fyrir hvorri aðferðinni um sig,

en við kjör í safnráð telur ráðuneytið, að það kosningafyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, tryggi betur, að fleiri sjónarmið fái að njóta sín.

Þess skal getið, að safnráð er samþykkt þeim breytingum, sem frv. felur í sér. Hér fara á eftir nokkrar upplýsingar um Listasafnið og starfsemi þess:

Stofnun og fyrstu ár.

Listasafn Íslands var stofnað árið 1885 af Birni Bjarnarsyni (1853—1918), síðar sýslumanni og alþingismanni í Dalasýslu. Stofn safnsins var 36 málverk, flest eftir danska málara, eða 29 þeirra, 6 eftir Norðmenn, 1 eftir Svía, 1 eftir Austurríkismann og 1 eftir Þjóðverja. Kristján konungur IX. gaf tvö málverk og Lovisa, síðar drottning, gaf einnig 2 málverk. Flest málverkanna voru gjafir frá listamönnunum sjálfum. Norski málarinn A. Askevold gaf t. d. 2 olíumálverk eftir sig. Málverk þessi voru að berast til landsins á árunum 1885—1887. Magnús Stephensen, landshöfðingi, veitti þeim móttöku og kom þeim fyrir í Alþingishúsinu. Olíumálverkin, sem skráð eru í Listasafninu sem nr. 39, 40, 41 og 42 eru eign Alþingis, þótt þau séu skráð í safninu.

Næst bættust við myndir þær, 29 að tölu, sem Edvald J. Johnsen, læknir, (1838—1893) ánafnaði safninu eftir sinn dag, og hárust þær til landsins árið 1895. Árið 1896 bættust enn í safnið tvö málverk. En fyrsta myndin, sem Listasafnið eignaðist eftir Íslending, var höggmyndin „Útilegumaður“ eftir Einar Jónsson frá Galtafelli (1874—1954). Gaf Ditlev Thomsen, ræðismaður, safninu myndina árið 1902. Hún er nú í Listasafni Einars Jónssonar. Árið 1911 gáfu nokkrir menn í Reykjavík safninu olíumálverkið „Áning“ eftir Þórarin B. Þorláksson (1867—1924), og var það fyrsta málverkið, sem safnið eignaðist eftir íslenzkan mann.

Nokkrir áfangar.

Samkvæmt tilmælum þjóðminjavarðar til Stjórnarráðs og Alþingis, fólu forsetar þingsins honum með bréfi, dagsettu 16. september 1915, „alla umsjón, niðurskipun og skrásetning allra málverka og listaverka þeirra, er Alþingi á eða landið“ og kváðust ætlast til, að safn þetta yrði „framvegis sem sérstök deild af Þjóðmenjasafni landsins“ og að ekki yrði keypt „neitt af listaverkum til þessa safns, nema með samráði við þjóðmenjavörðinn.“ Veitti Alþingi um leið fé til aðstoðar við umsjón með sýningu Listasafnsins á næstu tveimur árum. Í byrjun næsta árs eða 24. janúar 1916, ákvað Stjórnarráðið eftir tillögu þjóðminjavarðar, að „Listasafn Íslands, hér undir telst málverkasafn landsins og önnur listaverk, sem landið á, skal vera undir umsjón þjóðmenjavarðar og vera ein deild af Þjóðmenjasafninu. Öll listaverk, sem landið síðar kann að eignast, skulu jafnóðum lögð til Listasafnsins.“

Þannig var Listasafnið komið í umsjá þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar, og lét hann sér jafnan mjög annt um það. Alþingi veitti nokkurt fé til kaupa á erlendum listaverkum, auk þess sem safnið eignaðist svo að segja árlega myndir eftir hina upprennandi íslenzku listamenn. Við áramót 1915—1916 eru taldar í höggmyndasafninu 7 myndir. Í skrá um málverkasafnið, sem prentuð var í árslok 1916, eru taldar 93 myndir, en 174 í annarri útgáfu skrárinnar árið 1922.

Árið 1928 voru sett lög (nr. 7/1928) um Menntamálaráð og samkvæmt þeim var því falið „að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fé, sem kann að vera veitt í því skyni á fjárlögum“ og „að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unnt er, byggingu listasafns í Reykjavík“. Í lögum um Menningarsjóð nr. 54/1928, segir, að $\frac{1}{3}$ af tekjum sjóðsins skuli varið til þess m. a. að kaupa listaverk fyrir landið, og „sá hluti sjóðsins, sem á að styðja listir, stendur undir beinni stjórn Menntamálaráðs.“

Menntamálaráð fól þjóðminjaverði að hafa eftirlit með verkum Listasafnsins fyrir nokkra árlega þóknun, og hélzt sú skipan þar til í októbermánuði 1950, að Menntamálaráð réði Selmu Jónsdóttur M.A. til að hafa á hendi alla umsjón safnsins.

Eins og áður segir, var Listasafninu upphaflega komið fyrir í Alþingishúsinu, og var nokkur hluti málverkanna, bæði innlendra og erlendra, til sýnis þar allt fram til ársins 1950. Einnig voru nokkur málverk til sýnis í Safnahúsinu við Hverfisgötu, meðan Þjóðminjasafnið var þar til húsa.

Menntamálaráð lánaði fjölda íslenzkra málverka í skóla landsins og húsakynni annarra ríkisstofnana og embætti, en flest erlendu málverkin og nokkuð af þeim íslenzku voru í geymslum í Arnarhváli.

Árið 1950 var ákveðið, að Listasafnið fengi samastað og sýningarsali í nýreistu húsi Þjóðminjasafnsins við Hringbraut. Þegar hafinn var undirbúningur að opnun Listasafnsins þar, kallaði Menntamálaráð bréfléga eftir öllum listaverkum, sem lánuð höfðu verið í opinberar byggingar, skóla og aðrar ríkisstofnanir, og endurheimtust flest þeirra. Ennþá hefur þó ekki tekizt að fá aftur 25 málverk, og þar að auki eru 9 skrásett málverk ófundin.

Samkvæmt 11. gr. gildandi laga um Listasafn Íslands er „óheimilt ... að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó vikja frá þessu ákvæði.“ Samhljóða ákvæði er í þessu frumvarpi.

Menntamálaráð fól listmálurunum Gunnlaugi Scheving og Þorvaldi Skúlasyni, ásamt dr. Selmu Jónsdóttur, er þá hafði verið ráðin umsjónarmaður við safnið, að koma myndum safnsins fyrir í sýningarsölum þess á annarri hæð í Þjóðminjasafnahúsinu. Að því búnu var safnið opnað 27. ágúst 1951 af Birni Ólafssyni, þáverandi menntamálaráðherra, að viðstöddum mörgum listamönnum og öðrum.

Löggjöf.

Hinn 11. janúar 1957 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja frumvarp til laga um listasafn. Í nefndinni áttu sæti: Birgir Thorlacius, ráðuneytistjóri, formaður, dr. Selma Jónsdóttir, forstöðumaður safnsins, Björn Th. Björnsson, listfræðingur, Gunnlaugur Scheving, listmálari, og dr. Gunnlaugur Þórðarson, stjórnarráðsfulltrúi. Var frumvarp, sem nefndin samdi, lagt fyrir Alþingi 1959, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram á ný 1961 og voru á því þingi samþykkt lög um Listasafn Íslands, og eru þau nr. 53/1961, með breytingu, sem gerð var með lögum nr. 58/1965. Samkvæmt þessum lögum, nr. 53/1961, varð Listasafnið sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Hinn 1. júlí sama ár skipaði menntamálaráðherra dr. Selmu Jónsdóttur forstöðumann safnsins. Samkvæmt 5. gr. laganna skyldi mynda 5 manna safnráð, þannig skipað: 2 listmálarar og 1 myndhöggvari kosnir af listamönnum, einn skipaður af menntamálaráðherra og forstöðumaður Listasafnsins, sem jafnframt er formaður safnráðs. Í lögnum sagði, að Menningarsjóður skyldi greiða Listasafninu a. m. k. 500 000.00 krónur árlega til listaverkakaupa. Með fyrrgreindri breytingu á lögum nr. 58/1965, um Listasafnið, var hinni föstu krónutölu breytt þannig, að Menningarsjóður greiði Listasafninu árlega a. m. k. 1/6 af tekjum sínum til listaverkakaupa, auk þess fær safnið fé í fjárlögum til launa starfsmanna og annars rekstrarkostnaðar. Enn fremur var gerð breyting á ákvæðum um kosningu til safnráðs.

Listaverkakaup og gjafir.

Hér að framan er gerð nokkur grein fyrir fjárhagsgrundvelli Listasafnsins á hverjum tíma, en listaverkakaup safnsins hafa verið sem hér segir:

Íslenzkar myndir, keyptar til safnsins:

Ár:	Olíumálverk:	Aðrar myndir:
1885—1927	52	17
1928—1950	238	138
1951—1961	151	26
1962—1967	118	15

Erlendar myndir, keyptar til safnsins:

Ár:	Olíumálverk:	Aðrar myndir:
1885—1927	10	16
1928—1950	35	131
1951—1961	1	3
1962—1967	4	5

Í safninu voru alls 656 íslensk olíumálverk í árslok 1967.

Safninu hafa fyrr og síðar borizt ýmsar góðar listaverkagjafir. Má þar til nefna, auk þeirra, sem þegar er getið, fimm íslensk og tvö erlend olíumálverk, sem Guðjón Sigurðsson, úrsmiður, (1864—1915) arfleiddi safnið að og komu í eigu þess árið 1915. Sama ár gaf Bjarni Jónsson frá Galtafelli andlitsmynd eftir Ásgrím Jónsson. Árið 1919 barst safninu gjöf sú, er Helgi prestur Sigurðsson að Melum (1815—1888) ánafnaði því í arfleðsluskrá sinni 24. júlí 1888. Eru þetta 43 myndir eftir hann sjálfan, flest skólateikningar, en þrjú olíumálverk og mynd sú, sem hann gerði af Jónasi Hallgrímssyni látnum. Ludvig Kaaber, bankastjóri, gaf árið 1925 olíumálverk eftir Joakim Skovgaard og árið 1926 tvær vatnslitamyndir eftir Finn Jónsson og þar að auki 12 örsmáar konumyndir gerðar af ókunnnum, erlendum listamanni.

Árið 1937 gaf Kristian Kirk, verkfræðingur, stórt olíumálverk eftir Frits Syberg. Árið 1947 gaf Christian Gierlöff, rithöfundur í Ósló, safninu fimmtán svartlistarmyndir eftir norska málarann Edvard Munch. Sama ár gáfu nokkrir menn í Reykjavík átta olíumálverk eftir danska málarann Carl V. Meyer.

Frú Kristín Andrésdóttir, ekkja Markúsar Ívarssonar forstjóra, og dætur hennar, Guðrún, Helga og Sigrún afhentu safninu 56 málverk að gjöf 27. ágúst 1951, en þann dag var safnið opnað í húsi Þjóðminjasafnsins. Eru málverk þessi öll eftir íslenska menn. Sama ár gaf Magnus Grönvold, yfirkennari í Ósló, safninu 27 blýantsteikningar eftir bróður sinn, Bent Grönvold, og síðar sama ár gaf Ragnar Moltzau, útgerðarstjóri í Ósló, safninu 51 svartlistarmynd eftir norska listamenn. Árið 1952 afhenti Ólafur Jónsson, framkvæmdastjóri, safninu að gjöf frá sér og systur sínum brjóstlíkan af föður sínum, Jóni Ólafssyni, bankastjóra, eftir Ríkarð Jónsson. L. Foght, forstjóri í Kaupmannahöfn, gaf safninu 11 olíumálverk og 24 svartlistarmyndir árið 1953. Eru þær myndir allar eftir danska listamenn.

Síðast, en ekki sízt, ber að geta þess, að Ásgrímur Jónsson, listmálari, ákvað árið 1952, að ríkissjóður skyldi eftir sinn dag eignast öll málverk sín og húseign. Mælir hann jafnframt svo fyrir, að málverkin skuli varðveitt í húsi hans, „þar til listasafn hefur verið byggt, þar sem myndum mínum sé tryggt svo mikið rúm, að gott yfirlit sé unnt að fá um safn mitt.“ Mun þessi mikla gjöf því væntanlega koma í Listasafnið, þegar húsrýmið svarar til þess, sem gefandinn mælti fyrir um.

Alexandrina drottning ánafnaði Listasafninu eftir sinn dag 2 olíumálverk, annað eftir Jón Stefánsson, en hitt eftir Jóhannes Sv. Kjarval. Komu þau í safnið árið 1953. Jóhannes Sv. Kjarval gaf árið 1954 olíumálverk eftir sig, og sama ár barst höggmynd eftir Gerhard Marchs að gjöf frá Þýzkalandi. Ásgrímur Jónsson gaf stórt olíumálverk eftir Gunnlaug Scheving á árinu 1956. Listasafnsfélagið gaf olíumálverk eftir franska málarann Auguste Herbin árið 1957. Sama ár gaf Júlíana Sveinsdóttir sjálfsmýnd gerða árið 1931. Árið 1958 gaf Elof Risebye prófessor allt safn sitt af verkum Guðmundar Thorsteinssonar, sem alls eru 46 myndir, olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar, klippmyndir og útsaumur. Tómas Tómasson ölgerðarmaður og kona hans gáfu Listasafninu olíumálverk og teikningu eftir Sigurð Guðmundsson, málara. Halldór Jónasson frá Eiðum gaf olíumálverk af sjálfum sér eftir Ásgrím Jónsson. Aðra andlitsmynd eftir Ásgrím fékk safnið að gjöf frá Rósu Friðriksdóttur, vestur-íslenskri konu. Þá gaf Sveinn Björnsson, listmálari, olíumálverk eftir sig.

Á árinu 1962 fékk safnið 5 myndir að gjöf, stórt olíumálverk eftir Jóhannes Sv. Kjarval, sem bræðurnir G. M. Björnsson, stórkaupmaður, og Friðrik Björnsson,

læknir, gáfu til minningar um móður sína, Margréti Magnúsdóttur. I. C. Möller, stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, gaf 2 olíumálverk eftir danska málara, og tveir sænskir listmálarar, þeir Lennart Ason og Jens Matthiasson gáfu hvor sína grafikmyndina eftir sig.

Á árinu 1963 fékk safnið 17 myndir að gjöf, Júlíana Sveinsdóttir gaf olíumynd eftir sjálfa sig, I. C. Möller, stórkaupmaður, gaf 6 málverk eftir danska listamenn, Raymond Olivier, veitingamaður í París, gaf 10 myndir eftir franska listamenn. Eftirtaldir listamenn gáfu á árinu 1966 olíumálverk eftir sig: Jóhann Briem 2, Jóhannes Sv. Kjarval 1 og Þorvaldur Skúlason 1. Á árinu 1967 gaf Ragnheiður Jónsdóttir Ream olíumálverk eftir sig, og sænskur málari, Torbjörn Zetterholm, 10 tréristumyndir, sem hann hafði gert á Íslandi. Gunnar Stefánsson, stórkaupmaður, ánafnaði safninu eftir sinn dag 8 olíumálverk eftir Jóhannes Sv. Kjarval og 1 vatnslitamynd eftir Gunnlaug Scheving. Nína Sæmundsson arfleiddi safnið að 18 höggmyndum, 23 olíumálverkum og 3 litkritismyndum eftir sig. Frú Kristín Andrésdóttir og dætur hennar gáfu stórt olíumálverk eftir Jóhannes Sv. Kjarval í safn Markúsar Ívarssonar. Dorothy Miller, safnvörður í New York, gaf olíumálverk af eiginmanni sínum, Holger Chaill (Sveinn Kristján Bjarnarson) eftir Ninu Tryggvadóttur.

Gjafir eru alls 458, útlendar 252, íslenzkar 206.

Listaverkaeign Listasafnsins er í árslok 1967 80 höggmyndir og 1418 málverk, vatnslitamyndir, teikningar og grafik, íslenzk og erlend verk, þar af eru olíumálverk 806.

Aðsókn og sýningar.

Árið sem Listasafnið var opnað, 1951, var aðgangseyrir að safninu fimm krónur fyrir manninn. Komu í safnið frá því að það var opnað í lok ágústmánaðar 1951 til árslokæ 817 menn á 123 sýningardögum. Um áramótin næstu (1951— 1952) var hætt að selja aðgang að safninu og hefur eigi verið gert síðan. Aðsókn að safninu hefur verið sem hér segir:

Ár:	Sýningardagar:	Gestir:
1952	91	6 079
1953	194	9 162
1954	147	7 884
1955	161	7 788
1956	137	5 571
1957	191	9 257
1958	214	11 893
1959	130	5 132
1960	194	11 420
1961	232	24 415
1962	234	10 730
1963	244	14 422
1964	208	15 550
1965	242	19 170
1966	245	20 915
1967	231	21 287

Árið 1927 var í fyrsta sinn efnt til íslenzkrar listsýningar erlendis af opinberri hálfu. Var sú sýning haldin í Kaupmannahöfn. Hún var síðan send til Berlínar og sýnd þar árið 1928.

Árið 1932 var haldin sýning á íslenzkri myndlist í Stokkhólmi, og fór sú sýning sama ár til Óslóar.

Árið 1939 var haldin sýning á íslenzkri myndlist í sambandi við heimssýninguna í New York. Var sú sýning einnig send til Chicago.

Árið 1937 efndi Menntamálaráð til sýningar í Reykjavík á úrvali verka Listasafnsins. Voru þar sýnd 107 málverk, þar af 17 erlend.

Efnt hefur verið til fjölmargra sýninga í safninu á árunum 1950—1967. Einnig hafa verið valdar þar íslenskar sýningar, sem sendar hafa verið til útlanda á vegum íslenska ríkisins:

- Árið 1950: Yfirlitssýning á íslenskri myndlist.
- 1951: Sama sýning, send til Noregs.
Sýning í tilefni af opnun Listasafnsins.
 - 1952: Íslensk myndlistarsýning send til Brüssel.
Yfirlitssýning á verkum Jóns Stefánssonar.
 - 1953: Sýning á myndagjöf Louis Foght.
 - 1954: Íslensk myndlistarsýning sýnd í ráðhúsi Kaupmannahafnar.
Yfirlitssýning á norskri myndlist.
 - 1955: Yfirlitssýning á verkum Jóhannesar Sv. Kjarvals.
 - 1956: Yfirlitssýning á danskri myndlist.
Yfirlitssýning á verkum Ásgrims Jónssonar.
 - 1957: Sýning á íslenskum málverkum, sýnd í Bifröst.
Yfirlitssýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur.
 - 1958: Sýning á myndagjöf Elof Risebye.
Sýning á rússneskri myndlist.
 - 1959: Sýning á málverkagjöf Ásgrims Jónssonar.
Sýning á íslenskri málralist send til Sovétríkjanna og opnuð í Moskva í apríl 1959, og seinna send til Póllands.
Sýning á pólskri myndlist.
 - 1960: Yfirlitssýning á verkum Svavars Guðnasonar.
 - 1961: Yfirlitssýning á verkum Gunnlaugs Blöndals.
Sýning á færeyskri myndlist.
 - 1962: Íslensk myndlistarsýning send til sýningar í Louisiana-safninu í Danmörku.
Sýning á íslenskri málralist á Akureyri á 100 ára afmæli kaupstaðarins.
 - 1963: Íslensk málverkasýning send til Sovétríkjanna og opnuð í Moskva í febrúar 1963.
 - 1964: Valin sýning á verkum Jóhannesar Sv. Kjarvals, sem var sýnd í heiðursölum á Charlottenborg í Kaupmannahöfn.
 - 1965: Íslensk málverkasýning send til Bandaríkjanna.
 - 1966: Sýning á verkum Jóhannesar Sv. Kjarvals vegna 80 ára afmælis listamannsins.
Valin verk eftir íslenska málara til sýningar í Strasbourg.
Sýning á safni Markúsar Ívarssonar.
Sýning á verkum listamanna, sem komu heim frá námi á árunum 1930—1942.
- Árið 1967: Yfirlitssýning á verkum Þórarins B. Þorlákssonar.
Sýning á verkum listamanna, sem komu heim frá námi á árunum 1918—1930.

Gjafir og styrkir.

Listasafninu hafa borizt ýmsar stórgjafir aðrar en listaverk. Á árinu 1963 arfleiddi ungfrú Sesselja Stefánsdóttir Listasafnið að $\frac{1}{3}$ huta húseignarinnar Austurstrætis 12, að frádreginni 1 000 000.00 króna, er safnið skyldi greiða Nínu Sæmundsson, myndhöggvara. Að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins var fjárhæðin greidd úr byggingarsjóði Listasafnsins. Eigendur $\frac{2}{3}$ hluta húseignarinnar Austurstrætis 12

voru þá Gunnar Stefánsson, stórkaupmaður, og frú Guðríður Stefánsdóttir Green, en með bréfi, dagsettu 12. apríl 1964, buðu þau systkinin afsal fyrir sínum hluta húseignarinnar, gegn því að Listasafn Íslands greiddi þeim árlega vissa fjárhæð, meðan þau lifðu. Hinn 1. nóvember 1965 undirritaði Gunnar Stefánsson afsal fyrir eignarhluta sínum og systur sinnar í Austurstræti 12. Gunnar Stefánsson, stórkaupmaður, lézt 5. júní 1967. Í arfleiðsluskrá sinni ánafnaði hann Listasafninu eignarhluta sinn í húseigninni Sóleyjargötu 31, en það hús átti hann að hálfu á móti systur sinni, frú Guðríði Stefánsdóttur Green. Þar að auki fékk Listasafnið 9 málverk úr búi Gunnars, eins og að framan getur.

Jóhannes Sv. Kjarval gaf Listasafninu 1967 sparisjóðsbók með krónum 250 000.00 til kaupa á listaverkum í safnið.

Vísindasjóður hefur styrkt Listasafnið til bókakaupa og til að láta taka ljósmyndir af lýsingum í íslenskum handritum, kr. 165 000.00. Hefur forstöðumaður Listasafnsins þegar undirbúið framkvæmd verksins í Árnasafni og konunglegu bókasöfnunum í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Búið er að ljósmynda 73 handrit nú þegar og verður verkinu haldið áfram strax og fjárráð leyfa.

Eftirprentanir af 16 málverkum eftir íslenska málara hafa þegar verið gerðar, og verður þessari starfsemi væntanlega haldið áfram sem kynningu á íslenskri myndlist.

Byggingamál.

Lög um byggingarsjóð Listasafnsins voru sett árið 1959 (nr. 41/1959). Stofnfé sjóðsins var sú fjárhæð, sem Alþingi hafði veitt til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sv. Kjarval, listmálara, og var það ákvörðun listamannsins að fénu skyldi verja á þennan hátt. Síðan hefur Alþingi veitt árlega nokkurt fé til byggingarsjóðs Listasafns Íslands, og nema eignir sjóðsins pr. 1. 1. 1968 kr. 4 874 617.55.

Er það mikilvægt mál fyrir Listasafnið að fá eigið safnhús, enda þarf Þjóðminjasafnið þegar á öllu sínu húsnæði að halda í byggingunni. Með hinum öra vexti safnsins og þeim kröfum, sem gerðar eru til nútíma listasafns, sem þar að auki er ríkissafn, er núverandi húsnæði fyrir löngu orðið ófullnægjandi.